

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, Strandgata 64 og 66.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988-2008, frá 21. maí 1990.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðunum nr. 64 og 66 við Strandgötu er breytt úr iðnaðarsvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Sultartangalína 3, Skorradalshreppi og Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í nýrri 400 kV háspennulínu, Sultartangalínu 3 (SU3) sem liggur um mörg sveitarfélög milli tengivirkis í Sultartangastöð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og að tengivirki á Brennimel í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Línan kemur inn á skipulagssvæðið norðan Skarðsheiðar á Uxahrygg austan við Uxavatn og Reyðarvatn og fer út af svæðinu á Sesseljuhrygg norðan Brekkukambs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórna Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*